

Skýrsla stjórnar 2015

Vatns- og fráveitufélag Íslands (VAFRÍ) var stofnað 17. apríl 2009. Stofnfélagar voru þá 41. Félagar eru nú 93 talsins.

Helstu markmið félagsins eru að stuðla að öruggum vatnsveitum, bættum vatnsgæðum og vistvænum fráveitum. Félagið vill auka þekkingu á vatns- og fráveitumálum með markvissum hætti og miðla reynslu til fagaðila og almennings.

Í stjórn VAFRÍ sátu áfram Hrund Ó. Andradóttir (formaður, dósent HÍ), Íris Þórarinsdóttir (gjaldkeri, fagstjóri fráveitu OR), Sigurbjörn Búi Sigurðsson (ritari, tæknistjóri vatnsveitu OR). Ný í stjórn komu María J. Gunnarsdóttir (meðstjórnandi, sérfræðingur HÍ) og Gunnar Steinn Jónsson (meðstjórnandi, líffræðingur).

Á starfsárinu 2014-2015 var lögð áhersla á eftirfarandi atriði:

1. Vísindaferð til Suðurlands
2. Málþing um verndun náttúruverla fyrir skólpmengun
3. Framtíð hönnunarregnsrannsókna á Íslandi
4. Samræming á fagorðum
5. Kennsla í vatns- og fráveitum við Háskóla Íslands
6. Kynning á starfsemi VAFRÍ á fagfundi Samorku
7. Innheimta félagsgjalda

Vísindaferð til Suðurlands

Vatns- og fráveitufélag Íslands (VAFRÍ) stóð fyrir vísindaferð til Suðurlands á haustmánuðum 2014. Lífræna skólphreinsistöðin í Hveragerði, vatnstökusvæði við rætur Ingólfsfjalls og aðalútrás í Ölfusá voru heimsótt. Fræðst var um erfiðleika við drykkjarvatnsöflun á Suðurlandi, vegna þess hve járnrík hraunlögin eru á svæðinu. Hönnun nýs hreinsivirkis fyrir Selfoss og aðaleinkenni fráveitunnar á Selfossi voru kynnt. Eftirlit með vatni og gæði vatns voru kynnt af Heilbrigðiseftirliti Suðurlands og MAST. Efla Suðurlandi og veitusvið Árborgar buðu uppá hressingu. Um 30 manns sóttu ferðina og var almenn ánægja með hana.

Málstofa um verndun náttúruverla gegn skólpmengun

Fréttir af því að kúluskíturinn væri að hverfa úr Mývatni og áhyggjur af næringarefnaálagi á Þingvallavatn var kveikjan að því að halda málþing um hvernig megi vernda viðkvæma viðtaka gegn skólpálagi. Markmið stjórnarinnar var að draga inn nýja þekkingu um skólplausnir fyrir dreifbýli sem ekki eru núna notaðar á Íslandi. Leitað var til Petter D. Jensen, prófessor við *Norwegian University of Life Sciences*, til þess að upplýsa félagsmenn og áhugasama um óhefðbundnar skólplausnir sem gætu komið til greina fyrir íslenskar aðstæður. Leitað var til Eflu verkfræðistofu að stýra rannsóknaverkefni í námskeiði um vatns- og fráveitur við Háskóla Íslands þar sem skoðaðar voru mismunandi fráveitulausnir fyrir Þingvallavatn. Niðurstöður verkefnisins verða kynntar á málþinginu.

Framtíð hönnunarregnsrannsókna á Íslandi

Fundur með hönnuðum, vísindamönnum og fulltrúum frá Landsvirkjun og Samorku var haldinn 20. nóvember til að ræða áframhald á rannsóknum á hönnunarregni á Íslandi, að frumkvæði Jónasar Elíassonar, prófessor emeritus við HÍ. Fundurinn ályktaði að stofna skyldi úrkomu- og ofanflóðsnefnd sem starfi að því að búa til reglur um mat á hönnunarflóðum hliðstætt þeim sem notaðar eru í nágrannalöndum. Nefndin skilgreini verkefni og forgangsatriði. Leitað verður með

þessa tillögu til Vegagerðarinnar, Samorku, Landsvirkjun og Verkfræðingafélag Íslands nk. haust.

Samræming á fagorðum

Stjórn VAFRÍ hafði samband við Orðanefnd BVFÍ og hvatti til samstarfs við þýðingarmiðstöð utanríkisráðuneytisins, sem vinnur að þýðingum í tengslum við innleiðslu á nýrri skólpreglugerð Evrópusambandsins. VAFRÍ hvatti jafnframt til að þýðingarnar, svo og orðasafn VFÍ, verði birt á veraldarvefinum þannig að vinnan nýtist sem flestum og til að stuðla að samræmdri notkun á fagorðum innan stéttarinnar. Fulltrúar orðanefndar BVFÍ hafa fundað með þýðingarmiðstöðinni og stefnt er að koma á samstarfi.

Kennsla í vatns- og fráveitum

Mikilvægt er að halda uppi kennslu í vatns- og fráveitum við æðstu menntastofnanir landsins. Leitað var til samstarfs við VAFRÍ um að halda kúrsinn vatns- og fráveitur við Háskóla Íslands á vorönn 2015. Fimm félagsmenn VAFRÍ buðust til þess að kenna kúrsinn. Ákveðið var að rannsóknapema kúrsins myndi tengjast málþingi VAFRÍ um rannsóknir á óhefðbundnum skólplausnum fyrir dreifða byggð (t.d. sumarbústaði og ferðaþjónustu).

Kynning á starfsemi VAFRÍ á fagfundi Samorku

Félaginu barst beiðni frá Sigurjóni Norberg Kjærnested, framkvæmdastjóra veitusviðs Samorku, um að VAFRÍ kynni starfsemi sína á fagfundi Samorku sem haldinn verður í Borgarnesi 28.-29. maí nk. Tveir stjórnarmeðlimir sækja þingið og munu halda stutta kynningu á félaginu.

Innheimta félagsgjalda

Innheimta félagsgjalda hófst í mars og tóku félagsmenn vel við sér. Mikil hagræðing felst í því að um helmingur félaganna vinnur hjá fyrirtækjum sem greiða félagaáskrift fyrir alla sína félagsmenn. Stærsti hluti annarra félagsmanna hefur einnig greitt félagsgjöldin.

Reykjavík 8. Maí 2015

Stjórn VAFRÍ

Hrund Ó. Andradóttir, formaður
Sigurbjörn Búi Sigurðsson, ritari
Íris Þórarinsdóttir, gjaldkeri
Gunnar Steinn Jónsson, meðstjórnandi
María J. Gunnarsdóttir, meðstjórnandi